

VERKEFNI

V01: Hópverkefni tengt félagsfræðikenningum

Lsp. Hvaða tilgangi þjónar kaffidrykkja fyrir einstaklinginn og samfélagið?

Hver er *yfirlýst virkni* hennar?

Hver er *dulin virkni* hennar?

Hver er *skaðvirkni* hennar?

Hvernig tengist hún hugtökunum *félagsmótun og félagslegt taumhald*?

Ræðið þessa sýn *samvirknikenninga* á kaffidrykkju í u.þ.b. 10 mín. og skrifið niðurstöðurnar hjá ykkur. Rökstyðjið mál ykkar með vísan til textans í 2. kafla kennslubókarinnar.

V02: Hópverkefni tengt félagsfræðikenningum

Lsp. Hverjir eiga hagsmuna að gæta gagnvart nemendafélagi Framabrautar?

Um hvað snúast *átökin*?

Hvaða *hagsmunahópar* eiga í átökum?

Hvaða *hugmyndafræði* er í gangi?

Hvaða *staðalmyndum* er haldið að fólkinu?

Ræðið þessa sýn *átakakenninga* á nemendafélag Framabrautar í u.þ.b. 10 mín. og skrifið niðurstöðurnar hjá ykkur. Rökstyðjið mál ykkar með vísan til textans í 3. kafla kennslubókarinnar.

V03: Paraverkefni tengt samskiptum

Fyrst er að ákveða hvor nemandinn er spyrill og hvor sá sem er spurður.

Sá sem er spurður svari spurningunni Hver ertu?%tuttugu sinnum mjög hratt.

Þetta á að taka um 10 mín. Spyrillinn skrifar svörin niður á blað.

Þá skipta þeir um hlutverk og ferlið er endurtekið.

Að því loknu skiptast þeir á blöðum.

Úrvinnslan felst í fyrsta lagi í því að merkja (s) við svör sem fela í sér félagslega stöðu, (t) fyrir svör sem fela í sér tilfinningar og (p) fyrir svör sem fela í sér persónueinkenni.

Í öðru lagi er merkt (+) fyrir svör sem eru jákvæð en (-) fyrir neikvæð svör.

Að lokum er merkt (*) við þrjú svör sem talin eru lýsa þér best hér og nú.

V04: Hópverkefni tengt aldursskiptingu

Stjörnur og stórfiskar – Fannst fullorðna fólkið vitlaust¹

Ný andlit eru alltaf að koma fram á sjónarsviðið í fjölmiðlaheiminum. Kolfinna Baldvinsdóttir var annar af stjórnum þáttarins Fiskur án reiðhjóls, sem Stöð 2 var með á dagskrá vikulega síðastliðinn vetur, og núna starfar hún á fréttastofu sömu stöðvar. Hún er lærður sagnfræðingur og okkur lék forvitni á að vita hvernig unglingshúni var. Ég var mjög rólegt barn, er mér sagt, síðan gerðist eitthvað þegar ég varð tólf ára. Þá rakaði ég af mér allt hárið og gerðist pönkari. Gekki með leðuról um hálsinn og bréfaklemmur í eyrunum, gekki um bæinn rænandi og ruplandi og blótandi og var alveg ægileg. Ég var brjáláður unglingshúni, byrjaði snemma að fikta við hina forboðnu hluti, nýtti hvert tækifæri sem gafst í fjarveru foreldra minna til að halda partí, ég var í mótstöðu við allt og alla, fannst ég alltaf hafa rétt fyrir mér og allir aðrir vera svo vitlausir, sérstaklega fullorðna fólkið. Mamma og pabbi veittu mér uppeldi sem hentaði mér mjög vel, ég þurfti aldrei að fara eftir neinum reglum, mátti hafa mína hentisemi, á móti þar ég mikla virðingu fyrir þeim og reyndi ævinlega að vera þeim sem best. Ég svaf óskaplega mikið, var með mánudagsveikina, en mamma hringdi samt alltaf fyrir mig til að afboða mig í skólann. Mér finnst oft á tíðum unglingshúni í dag ranglega dæmdir fyrir þá forvitni sem þeir bera til þess heims sem fullorðna fólkið hrærist í, það gleymir stundum að líta í eigin barm og bæta þá ímynd sem þeir gefa börnum sínum. [...] Ég skammast mín fyrir margt sem ég gerði á unglingsárunum. Ég man sérstaklega eftir einu partí sem ég hélt, það stóð heila helgi og það eyðilagðist eiginlega allt sem gat eyðilagst. Öll glös brotin, uppþvottavél og meira að segja gólfíð seig. Ég var í rusli þegar mamma og pabbi komu heim, ég var búin að eyða öllum fermingargrunum mínum í viðgerðir og kaupa ný glös. Mamma safnaði voða fallegum glösum sem ég þurfti að endurnýja og ég keypti átta stykki. Nokkrum dögum eftir að þau komu heim spurði mamma mig hvernig stæði á því að nú væru átta glös í skápnum þar sem höfðu bara verið sex fyrir. Það komst upp um allt, ég brast í grát, ekki síst vegna þess að einhver næturgestanna hafði gert sér lítið fyrir og rænt smókingnum hans pabba. Það var kannski alveg eins gott, þar sem það hafði löngu verið tímabært að endurnýja hann. Smókingurinn hefur aldrei komið í leitirnar. [...] Ég myndi ekki vilja ganga í gegnum unglingsárin aftur, þau voru mikið óróleikaskeið hjá mér. Það sem mér finnst mest áreiðandi í fari unglingshúni, er sjálfstæði í hugsun og gjörðum. Það sem fer mest í taugarnar á mér varðandi unglingsmenninguna er mógsefjunin, sérstaklega í tísku og tónlist. Mér hefur alltaf fundist að unglingshúni eigi að vera uppreisnargjarnir og stríða gegn ríkjandi öflum, því ef þeir gera það ekki þá gera þeir það aldrei.

Einstaklingsverkefni (5 mín.)

1. Hvað finnst þér athyglisvert við þessa frásögn Kolfinnu?
2. Af hverju voru unglingsárin mikið óróleikaskeið að mati hennar?

Hópverkefni (10 mín.)

„Mér hefur alltaf fundist að unglingshúni eigi að vera uppreisnargjarnir og stríða gegn ríkjandi öflum, því ef þeir gera það ekki þá gera þeir það aldrei.“

Ræðið þessa fullyrðingu í u.þ.b. 10 mín. og skrifið niðurstöðurnar hjá ykkur. Rökstyðjið mál ykkar með vísan til textans í 4. kafla.

¹ Þetta viðtal birtist í Morgunblaðinu, fimmtudaginn 20. júlí 1995.

V05: Hópverkefni tengt stéttaskiptingu

svagna flokkunaráráttu flokkum við fólk eftir:

- ó kynferði
- ó kynþætti
- ó þjóðerni
- ó stétt
- ó aldri

og þetta er forsenda þess að geta búið í samfélagi með öðru fólki.%

Ræðið þessa fullyrðingu í u.þ.b. 10 mín. og skrifið niðurstöðurnar hjá ykkur. Rökstyðjið mál ykkar með vísan til textans í 2., 3. og 4. kafla kennslubókarinnar.

V06: Paraverkefni tengt kynferði

Takið afstöðu til eftirfarandi fullyrðingar og rökstyðjið þá afstöðu með vísan til textans í 2., 3. og 4. kafla kennslubókarinnar.

Kynferðið mótast fyrst og fremst í fjölskyldunni.

V07: Hópverkefni tengt kenningum um frávik

Hvort útskýrir (a) *siðrofskenning* eða (b) *kenning um menningarlegt arfgengi* betur og hvers vegna:

1. Innbrot, t.d. þjófnað á myndbandstæki.
2. Fíkniefnasölu, t.d. það að selja hass meðal nemenda í Framabraut.
3. Sifjaspell, t.d. þegar faðir misnotar dóttur sína kynferðislega.

Ræðið þessar spurningar í u.þ.b. 20 mín. og skrifið niðurstöðurnar hjá ykkur. Rökstyðjið mál ykkar með vísan til textans í 2. og 4. kafla kennslubókarinnar.

V08: Hópverkefni tengt afbrotum

Þið eigið sem hópur að leika dómstól (án lögfræðipekkingar) sem dæmir í eftirfarandi máli.

DÆMIÐ Á GRUNDEVLLI ÞEIRRA UPPLÝSINGA SEM ÞIÐ HAFIÐ OG RÖKSTYÐJIÐ AFSTÖÐU YKKAR Á GRUNDEVLLI ÞEIRRAR FRÁVIKAKENNINGAR SEM ÞIÐ TELJIÐ HÆFA ÞESSU MÁLI. ÞIÐ ERUÐ EKKI BUNDIN AF TILLÖGU SAKSÓKNARA.

Eiginkona sDidda dálks% (sem er 35 ára deildarverkfræðingur hjá ISAL) kærði hann til lögreglu fyrir að ráðast á sig og særa með hnífi. Hann segist ekki vera sekur um líkamsárás. Hann hefur áður lent á sakaskrá og fengið dóma fyrir óspektir og drykkjuskap á almannafæri og ölvunarakstur. Hann er á skilorði (vegna óspekta á almannafæri) og sagði eftirlitsmanni sínum (þ.e.a.s. þeim sem hefur eftirlit með skilorði hans) að hann hefði verið að verja sig fyrir árásum konu sinnar þegar hún réðst á hann að tilefnislausu með kúst að vopni.

Saksóknarinn mælir með því að hann fái 600 daga varðhald og greiði 900.000,- kr. sekt í ríkissjóð.

V09: Verkefni tengt afbrotum

Einstaklingsverkefni (5 mín.)

Ert þú sammála eftirfarandi fullyrðingu?
Rökstyddu mál þitt með tilvísun í námsefnið.

„Því þyngrri refsing við tilteknu afbroti – því færri fremja slíkt afbrot.“

Hópverkefni (10 mín.)

sFangelsið og hið frjálsa samfélag utan þess eru tveir ólíkir heimar. Fangasamfélagið bælir niður þá þætti persónuleikans sem þroskast best í samskiptum við fjölskyldu og ættingja. Fangelsunin færir því einstaklinginn nokkur þrep aftur á bak í þroskaferli sínum með hinni víðtæku frelsisskerðingu.%

Ræðið þessa fullyrðingu í u.þ.b. 10 mín. og skrifið niðurstöðurnar hjá ykkur. Rökstyðjið mál ykkar með vísan til textans í 4. kafla.

V10: Að hanna eigin félagsfræðirannsókn

1. HEIMILDIR Kennslubókin og 6 til 8 aðrar heimildir.
2. VIÐFANGSEFNIÐ Ákveðið það í samráði við kennarann.
3. RÉTTLÆTING Hvers vegna að taka það fyrir? Hvernig er það tengt námsefninu?
4. AFMÖRKUN VIÐFANGSEFNISINS
 - a) Hvað vitum við um viðfangsefnið?
 - b) Hvað viljum við vita um viðfangsefnið?
5. Semjið þrjár rannsóknarspurningar sem tengjast viðfangsefninu og sem munu þar með stýra heimildaöflun ykkar, sbr. 8. kafla í kennslubókinni.
6. Hvað segir tölfræðin? Finnið tölfræðiheimildir sem eru lýsandi fyrir viðfangsefni ykkar eða svara einni eða fleiri af rannsóknarspurningum ykkar, sbr. 7. kafla í kennslubókinni.
7. Skipuleggið næstu skref varðandi heimildaöflun?
8. Heimildir er að finna á leitarvélum og bókasafni skólans. Einnig má taka viðtöl við sérfræðinga á því sviði sem þið eruð að fjalla um eða fólk sem tengist viðfangsefni ykkar, sbr. 5. kafla kennslubókarinnar.
9. UMFANG textans á að vera 1. 3 bls. tölvuunnar.